



306. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 30. apríl 2014 kl. 19:30 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Berglind Axelsdóttir, forseti bæjarstjórnar, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Hjörleifur K. Hjörleifsson varamaður Írisar, HKH
Lárus Á. Hannesson, bæjarstjóri LÁH
Þór Örn Jónsson, bæjarritari
Reynir Ragnarsson endurskoðandi

Forseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir, setti fund og stýrði.
Samþykkt að liður 3 var færður fremst í dagskrá.

Dagskrá:

3. Annað

3.1 1404048 – Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2013, fyrri umræða.

Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar gerði grein fyrir ársreikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tóku: GDP, LÁH, DS og BA

Reynir Ragnarsson endurskoðandi vék síðan af fundi kl. 20:30

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 508, dags. 10. apríl 2014.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og bygginganefnd dags. 01.04.14 (171. fundur).

Fundargerð framlögð.

1.1. 1403035 - Svæðisskipulag

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness.

Inn á fundinn kom Gretar D. Pálsson formaður



svæðisskipulagsnefndar og fór hann yfir svæðisskipulagið með fundarmönnum. Greitar kom inn á fundinn kl. 20:05 og vék af fundi 21:00.

Skipulags- og byggingarnefnd, fagnar framtaki þessu, lýsir ánægju sinni með verkefnið og gerir að svo stöddu engar athugasemdir.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.2. 1403036 - Aðalgata 3 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.

Þorvaldur Hjaltason kt.301277-4749 sækir um fyrir hönd Narfeyrarstofu ehf kt.501207-1440 um stöðuleyfi fyrir gám fyrir lager út sept. '14, staðsettur bakvið hús og inn af bílastæðum starfsmanna.

Skipulags- og byggingarnefnd, hafnar erindinu þar sem fyrirhuguð staðsetning er utan lóðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og DS

1.3. 1403046 - Víkurgata 5 - umsókn um skilti vegna heimagistingar.

Heimir Laxdal Jóhannsson kt.250759-4449 óskar eftir að setja upp skilti vegna heimagistingar á húsagafla Víkurgötu 5 og tvö skilti á Aðalgötu og eitt til tvö skilti uppi á Víkurgötu.

Skipulags- og byggingarnefnd, samþykkir eitt staðlað skilti fyrir gistingu við Aðalgötu og eitt á húsi í samráði við byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.4. 1404002 - Víkurgata 5 - Ósk um lengingu á botnlanga við Víkurgötu.

Heimir Laxdal Jóhannsson kt.250759-4449 Óskar eftir lengingu á botnlanga við Víkurgötu 5.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að fara með botnlanga



að brunni, með fyrirvara um skriflegt samþykki eiganda Víkurgötu 1.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.5. 1404003 - Austurgata 7 - Endurnýjun á gluggum og breytingar utan hús.

Sigríður Magnúsdóttir kt.260362-6589 sækir um fyrir hönd Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi kt.680169-4629 um endurnýjun og breytingar á gluggum. Steniklæðning og grind verði fjarlægð af öllum hliðum. Viðgerðir á steypuskemmdum eftir þörfum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.6. 1404004 - Borgarbraut 8-8a - Umsókn um stækkun á hóteli.

Sverrir Hermannsson kt.130355-5019 sækir um fyrir hönd Hótel Stykkishólms kt. 630604-2570 um stækkun á Hótel Stykkishólmi samkvæmt uppdráttum frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar dags. 28.03.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir grenndarkynningu samkvæmt skipulagslögum 123/2010 gr.44. Grenndarkynnt verður fyrir Borgarhlíð 1,2, 4, 6 og 8 og Laufásvegi 21 til 43.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 15 bréf Stykkishólmsbæjar til Snæfells vegna afreksstyrks.

Framlagt.

Veittur styrkur til Körfuknattleiksdeildar meistaraflokks Snæfells Kvennalið í samræmi við reglur Stykkishólmsbæjar um afreksstyrki að upphæð kr. 1,200,000



Fyrir deildarmeistaratítl kr. 500,000
Fyrir Íslandsmeistaratítl kr. 700,000

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar óskar kvennaliði Snæfells til hamingju með frábæran árangur leiktíðina 2013 - 2014. Við erum ákaflega stolt af ykkar árangri og framgöngu. Það sem hefur einkennt ykkar leik er augljós barátta og samvinna og gleður það augað og andann. Við viljum einnig þakka og óska sérstaklega til hamingju þeim fjölmörgu sem koma með óeigingirni og dugnaði að starfi deildarinnar.

Áfram Snæfell
Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar

Til máls tók: LÁH

Liður 19 samningur vegna starfsloka Gyðu Steinsdóttur sem bæjarstjóra.

Samningur framlagður og samþykktur. Gretar sat hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Liður 20 bréf Jeratúns dags. 24.03.14 varðandi hlutafjárukningu aðildarsveitarfélaga í Jeratúni ehf. 2014.

Samþykkt að auka hlutafé í Jeratúni ehf. um kr. 6.750.000.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók. HG

Liður 21 fyrirspurn frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands vegna Landeyjar.

Verkefnið samþykkt og gengið verður frá samningi um verkefnið og m.a. verði verkefnið tengt Grunnskóla Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 22 styrkbeiðni vegna Vestfjarðarvíkingurinn 2014.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 Svæðisgarður Snæfellsness stofnsamningur, stjórnunaráætlun og kostnaðaráætlun.

Stofnsamningur Svæðisgarðs Snæfellsness, stjórnunaráætlun og



kostnaðaráætlun samþykkt.

Tillögur vegna stofnsáttmála Svæðisgarðs og stjórnunaráætlunar Svæðisgarðs.

Bæjarráð leggur til að í eigendaráði verði Lárus Ástmar Hannesson og Gretar D. Pálsson.

Bæjarráð leggur til að í framkvæmdastjórn verði Gyða Steinsdóttir.

Tillögur samþykktar.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar þakkar stýrihóp Svæðisgarðs Snæfellsness fyrir vel unnin störf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, BA og GDP

Liður 24 bréf frá Heimi Laxdal dags.07.04.14 varðandi rökstuðning á umsókn um skilti.

Bæjarstjóra og byggingafulltrúa falið að svara erindinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 ráðning í starf Íþróttá-og tómstundafulltrúa Stykkishólmsbæjar.

Fjórir umsækjendur voru um starf tómstunda-og íþróttafulltrúa.

Ráðin hefur verið Agnes Helga Sigurðardóttir sem íþróttá-og tómstundafulltrúi Stykkishólmsbæjar.

Til máls tóku: BA og LÁH

Liður 26 bréf Gullvers dags.02.04.14 varðandi forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar á Aðalgötu 7a.

Erindinu frestað til næsta bæjarstjórnarfundar.

1. Bærinn keypti rauðmerkt svæði samkvæmt meðfylgjandi gögnum til að laga lóðarmörk við Skúlagötu og til að laga aðkeyrslu að Víkurgötu. Verð væri pr ferm m.v. heildarverð lóðar á 12 milljónir
2. Lóðir yrðu áfram 2 og bærinn hefði áfram forkaupsrétt á Aðalgata 7a ef til sölu kæmi. Talin er óþarfi á að hafa forkaupsrétt á húsi og lóð í kring um það.
3. Kaupendur geti byggt bílskúr við húsið með aðkeyrslu.
4. Votahvammslóðin verði viðurkennd eign bæjarins.
5. Stykkishólmsbær félli frá forkaupsrétti á lóð á grundvelli



ofangreindra draga (settur verður upp samningur)

Tillaga samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, GDP, BA, GJÁ, HG og DS

Liður 27 bréf Samorku dags. 04.04.14 varðandi aðild að samtökum Samorku.

Stykkishólmsbær hefur ekki áhuga að gerast aðili að Samorku.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 styrkbeiðni vegna forvarnarfundar í Stykkishólmi 8. maí 2014.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 gæðastjórnunarkerfi byggingafulltrúa.

Samþykkt að Stykkishólmsbær verði með í sameiginlegu líkanagerð gæðastjórnarkerfi byggingafulltrúa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 Vafrað um Vesturland-samkomulag.

Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr. tekið af auglýsinga og kynningarfé í fjárhagsáætlun.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók. BA

Liður 31 Austurgata 7- Beiðni um breytingu á aðalskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta taka saman lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar við Austurgötu 7 samkv. 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 32 bréf dags.03.04.14 varðandi rekstrarleyfi fyrir veitingastað að Aðalgötu 24a Stykkishólmi.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu rekstarleyfis fyrir veitingastað að Aðalgötu 24a Stykkishólmi. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Liður 33 bréf Hafdísar Bjarnadóttur, Hrefnu Frímannsdóttur og Jóseps Blöndal starfsmanna Hve í Stykkishólmi, dags. 01.10.13 varðandi styrkbeiðni vegna kaupa á sönartæki fyrir Háls- og



bakdeild.

Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 500.000 til kaupa á sónartæki fyrir Háls-og bakdeild eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 34 Nýrækt deiliskipulag.

Bæjarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta taka saman lýsingu vegna deiliskipulags á Nýræktarsvæði samkv. 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Til máls tók. LÁH

Liður 35 deiliskipulag Reitavegur.

Bæjarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta taka saman lýsingu vegna deiliskipulags við Reitarveg samkv. 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Til máls tóku: LÁH og DS

Liður 36 styrkir vegna fasteignagjalda.

Bæjarráð leggur til að settur verði saman listi yfir þau félagasamtök sem fá styrk á móti álögðum fasteignagjöldum og þær fasteignir sem að baki liggja.

Listi þessi fer svo til yfirferðar og afgreiðslu hjá bæjarstjórn í febrúar ár hvert.

Nýir aðilar þurfa að sækja um styrk sem nemur álögðum fasteignagjöldum og metur bæjarstjórn hverju sinni hvort viðkomandi fer á áðurnefndan lista.

Greinargerð:

Á hverju ári fá félagasamtök styrki á móti álögðum fasteignagjöldum hjá Stykkishólmsbæ og berast þær umsóknir á mismunandi tímum. Með áðurnefndu fyrirkomulagi verður einfaldara fyrir stjórnarsýslu bæjarins og félagasamtök að halda utanum umsóknirnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók. BA

Liður 37 umsókn Þorsteins Jónassonar f.h. Kóningsins ehf. fyrir tvo bekki við Pulsuvagninn.

Samþykkt að heimila að hafa tvo bekki við Pylsuvagninn.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 búsetuþjónusta fyrir fatlaða erindi frá Sveini Þór Elinbergssyni.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið. Bæjarstjóra falið að vera í sambandi við forstöðumann Félags-og skólaþjónustu Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók. LÁH

Liður 39 bréf Péturs Kristinssonar hdl. vegna Silfurgötu 12.

Pétur Kristinssyni falið að vinna málið áfram í samræmi við fyrri samþykktir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: HKH og BA

Liður 40 plastpokalaust samfélag.

Bæjarráð samþykkir að stefnt verði að plastpokalausum samfélagi í Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 41 málefni HVE í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn lýsir yfir áhyggjum vegna seinagangs á framkvæmdum við 1. hæð Sjúkrahússins í Stykkishólmi og einnig að nýskipaður vinnuhópur um öldrunarþjónustu í Stykkishólmi hefur ekki verið boðaður til starfa.

Til máls tóku: LÁH,GDP,BA,HG og DS

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 1403003 - Fundargerð skipulags-og bygginganefndar, dags. 01.04.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2 1404015 - Fundargerð skólanefndar. - 131, dags. 27.03.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:30

Þór Örn Jónsson